

Alþingi
Erindi nr. P 143/648
komudagur 11.12.2013

Alþingi
Kristjana Benediktsdóttir
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2013
2013110022

Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna), 167. mál. á 143. löggjafarþingi

Þingmálið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. nóvember 2013.

Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda styðja frumvarpið og fagna því að fyrirhugað sé að endurskoða löggjöf um náttúruvernd og að við þá vinnu verði haft ríkara samráð við hagsmunaaðila. Bændasamtök Íslands gagnrýndu margsinnis skort á samráði og vinnubrögð við samningu frumvarpsins. Þegar lög nr. 44/1999 um náttúruvernd voru samin áttu Bændasamtök Íslands fulltrúa í nefnd sem hafði það verkefni með höndum enda voru til umfjöllunar fjölmörg atriði sem snertu bændur og landeigendur með margvíslegum hætti. Bændasamtökum Íslands var ekki gefinn kostur á að eiga fulltrúa í nefndinni sem hafði lög in til endurskoðunar veturinn 2010-2011. Eftir að hafa lagt fram ítrekaðar beiðnir um að eiga beina aðkomu að nefndinni var þeim endanlega hafnað án rökstuðnings. Bændasamtökunum var síðan gefinn kostur á að veita umsögn um drög að frumvarpi til laga um náttúruvernd, sbr. bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 3. september 2012. Samtökunum var veittur rúmlega þriggja vikna frestur til þess að skila umsögn.

Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda gerðu á fyrri stigum sameiginlega athugasemdir við þá fyrirbyggjandi frumvarpsdrög með bréfi til umhverfisráðuneytisins, dags. 18. janúar 2011. Þegar frumvarpið var svo lagt fram á Alþingi hafði verið tekið afar takmarkað tillit til athugasemda samtakanna. Þá voru gerðar athugasemdir við frumvarpið sem sumar höfðu verið gerðar ítrekað allt frá upphafi málsins árið 2010. Athugasemdir voru svo enn ítrekaðar með umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 5. febrúar 2013.

Bændasamtök Íslands telja að endurskoðun á löggjöf um náttúruvernd verði að fara fram með samráði við alla hagsmunaaðila. Í lögum um náttúruvernd er kveðið á um fjölmörg atriði sem snerta hagsmuni bænda umtalsvert. Bændasamtök Íslands telja það eðlilega kröfu að sem hagsmunasamtök bænda, fái þau að koma að endurskoðun laganna með frekari hætti en við samningu laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem nú er fyrirhugað að fella brott. Samráð við hagsmunaaðila, með beinni aðkomu þeirra, er til þess fallið að skapa sátt og víðtæka samstöðu um náttúruvernd á Íslandi og mun líklegra til að skila árangri við það stóra og mikilvæga verkefni.

Landssamtök sauðfjárbænda áttu eins og fram kemur hlut að fyrri umsögnum um málið. Landssamtökin eru sammála ofangreindri umsögn Bændasamtaka Íslands um fyrirbyggjandi frumvarp.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson

f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda,
Sigurður Eypórsson